



**240. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 28. janúar 2016 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Örn Andrésson, Gunnlaugur Júlíusson, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll boðuðu: Sigríður Jónsdóttir ritari og Hafsteinn Pálsson.**

**Fjarverandi: Jón Finnbogason.**

**Þetta gerðist:**

**Dagskrá:**

### **1. Ólympísk málefni**

Örn Andrésson skýrði frá því helsta varðandi ólympísk verkefni.

#### *Ólympíuleikarnir í Ríó*

Farið yfir stöðuna varðandi undirbúning fyrir leikana. Verið er að skipuleggja æfingabúðir svo hægt sé að ganga frá flugi fyrir keppendur og föruneyti. Líney skýrði frá nýjustu upplýsingum varðandi Zika veiruna. Samþykkt að óska eftir því við Heilbrigðisráð ÍSí að gefa ráðleggingar varðandi þetta mál.

Örn skýrði frá áætluðum fjölda keppenda á leikunum en fljótlega mun skýrast hvort að nokkrir af þeim keppendum sem hafa verið í Ólympíuhópnum muni ná að vinna sér inn þátttökurétt á leikunum.

### **2. Fagsvið ÍSí – stutt yfirlit**

#### *Almenningsíþróttasvið ÍSí*

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir það helsta sem er á döfinni hjá sviðinu. Nýtt Lífshlaupsár verður ræst þann 3. febrúar nk. með setningarhátíð í Grunnskóla Seltjarnarness og þá hefst vinnustaða- og grunnskólakeppni Lífshlaupsins einnig.

Hjólað í vinnuna hefst 4. maí og Kvennahlaupið fer fram 4. júní. Verið er að vinna að gerð samnings við Garðabæ til næstu þriggja ára.

Starfsmenn á sviðinu undirbúa nú þátttöku í Íþróttaviku Evrópu 2016, sem verður í september. Áhersla verður lögð á samstarf við fjögur sérsambönd ÍSí að þessu sinni.

#### *Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí*

Ingi Þór Ágústsson fór yfir það helsta úr starfi sviðsins.

Rætt um áskorun Samstarfsráðs félagasamtaka um forvarnir til að fella frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðos, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis) – 144. Löggjafarþing 2014-2015. Þingskjal 17 – 17. mál. Með frumvarpinu er lagt til að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis verði aflagt og smásala áfengis verði að ákveðnu marki gefin frjáls.

Óskað hefur verið eftir því að ÍSí styðji áskorunina.

Samþykkt að óháð afstöðu stjórnar ÍSÍ til frumvarpsins þá taki ÍSÍ ekki afstöðu í þessu máli þar sem það varðar ekki íþróttir beint.

### **3. Ólympíuleikar ungmenna (YOG)**

Vegna ýmissa þátta í undirbúningi fyrir leikana var óskað var eftir rafrænni staðfestingu stjórnar ÍSÍ fyrr í mánuðinum á íslenska hópnum sem fer til Lillehammer í Noregi á Ólympíuleika ungmenna.

Eftirfarandi munu sækja leikana fyrir hönd Íslands:

Keppendur:

Alpagreinar: *Bjarki Guðjónsson, Skíðafélagi Akureyrar, Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, Skíðaráði Reykjavíkur.*

Skíðaganga: *Dagur Benediktsson, Skíðafélagi Ísafjarðar.*

Þjálfarar: *Grímur Rúnarsson í alpagreinum og Steven Gromatka í skíðagöngu.*

Örvar Ólafsson verður aðalfararstjóri.

### **4. Íþróttamaður ársins 2015**

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna fór fram 30. desember síðastliðinn í Hörpu. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með framkvæmd og staðsetningu viðburðarins.

### **5. Erindi Bogfimisambands Íslands um stofnun sérsambands**

Lagt fram erindi Bogfimisambands Íslands þar sem óskað er eftir því að stofnað verði sérsamband um bogfimiíþróttina. Íþróttin uppfyllir skilyrði laga ÍSÍ um fjölda iðkenda og útbreiðslu.

Samþykkt að stefna að því að stofna nýtt sérsamband 11. mars næstkomandi.

### **6. Ferðasjóður íþróttafélaga, úthlutun vegna keppnisferða 2015**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti og formaður vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga lagði fram úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna keppnisferða ársins 2015. Til úthlutunar eru 82 milljónir króna. Að þessu sinni bárust sjóðnum 245 umsóknir frá 118 félögum úr 22 íþróttahéruðum vegna 2.742 keppnisferða í 22 íþróttagreinum. Heildarupphæð umsókna var kr. 427.990.778,-.

Úthlutunin samþykkt. Bókaðar þakkir til vinnuhópsins og starfsmanns hópsins fyrir þá vinnu sem liggur að baki úthlutuninni.

### **7. Ríkisstyrkur sérsambanda 2016.**

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram og gerði grein fyrir tillögu að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda 2016. Tillagan samþykkt.

### **8. Útbreiðslustyrkur sérsambanda 2016**

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram og gerði grein fyrir tillögu að útbreiðslustyrk sérsambanda 2016. Tillagan samþykkt.

### **9. Lottóskipting sérsambanda 2016**

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram og gerði grein fyrir tillögu að lottóskiptingu sérsambanda 2016. Tillagan samþykkt.

## **10. Umsýslugjald sjóða**

Samkvæmt samningum ÍSÍ við ríkið er heimilt að umsýslugjald vegna sjóða sé tekið af sjóðsframlögum. Gunnar Bragason lagði fram tillögu að umsýslugjaldi eftirfarandi sjóða: Slysabótasjóður kr. 5.000.000,-, Ferðasjóður íþróttafélaga kr. 3.000.000,-, Afrekssjóður ÍSÍ kr. 3.000.000,-.

Tillagan samþykkt.

Framkvæmdastjórn þakkaði Gunnari fyrir hans miklu vinnu við ofangreind verkefni.

## **11. Upplýsinga- og samskiptanefnd ÍSÍ**

Frestað til næsta fundar.

## **12. Skráningarkerfi íþróttarheyfingarinnar**

Framkvæmdastjóri skýrði stöðu mála varðandi samning á milli ÍSÍ og UMFÍ um þróun og rekstur félagakerfis íþróttahreyfingarinnar. Stjórn UMFÍ hefur samþykkt að taka þátt í verkefninu en verið er að ljúka samningagerð.

## **13. Heiðranir**

Lögð fram tillaga um að sæma Úlf Hróbjartsson fráfandi formann Siglingasambands Íslands Gullmerki ÍSÍ vegna starfa hans í þágu siglingaíþróttarinnar.

## **14. Fundargerðir**

**Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:**

- 239. fundur framkvæmdastjórnar
- 20. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ

## **15. Viðburðir framundan**

Farið fyrir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## **16. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Samþykkt að stefna að því að halda næsta fund 25. febrúar nk.

## **17. Önnur mál**

### *Húsnæðismál*

Ýmsar tilfærslur eru í bígerð innan Íþróttamiðstöðvarinnar. Sjúkraþjálfarafélagi Íslands og BÍKR hefur verið sagt upp leigu og þrengt verður að starfsemi ÍSÍ á 2. hæð til að bæta úr húsnæðisvanda sérsambanda ÍSÍ.

### *Stofnfundur Vestra*

Ingi Þór Ágústsson sagði frá stofnfundi Íþróttafélagsins Vestra á Ísafirði. Boltafélag Ísafjarðar, Kjörfuknattleiksfélag Ísafjarðar, Sundfélagið Vestri og Blakfélagið Skellur sameinast með því í eitt fjölgreinafélag. Einnig munu iðkendur knattspyrnudeildar Umf. Bolungarvíkur ganga í Vestra.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.